

7 venjur Þeirra sem skara framúr

Venja 1 - Taktu af skarið: Þú ert við stjórnvölinn

Ég er áreiðanleg manneskja.

Ég tek frumkvæði.

Ég vel hvað ég geri, hvernig ég bregst við og í hvernig skapi ég er.

Ég geri það sem ég veit að er rétt án þess að vera beðinn og þó svo enginn sjái til.

Venja 2 - Í upphafi skal endinn skoða: Settu þér markmið/búðu til áætlun

Ég ákveð fram í tímann og set mér markmið.

Ég geri það sem skiptir máli og læt til mín taka.

Ég er mikilvægur hluti af samfélaginu í leikskólanum.

Venja 3 - Kapp er best með forsjá: Forgangsráðu verkefnum/ það mikilvægasta fyrst

Ég nota tímann minn í það sem skiptir mestu máli.

Ég segi nei við því sem ég veit að ég á ekki að gera.

Ég forgangsráða, bý til áætlun og fylgi henni svo eftir.

Ég tileinka mér sjálfstjórn og skipulagni.

Venja 4 - Sigrum saman: Allir geta unnið

Ég vil að öllum gangi vel.

Ég þarf ekki að gera lítið úr öðrum til að fá mínu fram.

Þegar ágreiningur kemur upp getum við skoðað þriðja valkostinn.

Ég trúi því að við getum sigrað saman.

Venja 5 - Skilningrík hlustun: Hlustaðu áður en þú byrjar að tala

Ég hlusta á hugmyndir annarra og heyrir tilfinningar sem liggja að baki orðum þeirra.

Ég reyni að setja mig í spor annarra og sjá þeirra sjónarhorn.

Ég hlusta á aðra án þess að grípa fram í.

Ég kem mínum skoðunum og hugmyndum á framfæri.

Venja 6 - Samlegð: Saman er betra

Ég veit að allir hafa sína kosti og allir eru góðir í einhverju.

Allir geta bætt sig í einhverju.

Við getum öll lært hvert af öðru.

Það að vinna í hóp gefur af sér fleiri hugmyndir en að vinna einn.

Venja 7 - Brýndu kutann: Jafnvægi er best

Ég hugsa vel um líkama minn með því að borða holla fæðu, hreyfa mig og sofa nóg.

Ég læri á margvíslegan hátt og á mörgum stöðum.

Ég staldra við og aðstoða aðra.